

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 15 — fimmtán — krónur. Sýslumaður Franz Siemsen endurgjaldi áfrýjanda af ritlaunum undirdómshjörðanna 1 — eina — krónu.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. desembermánaðar.

Nr. 34/1895: sýslumaður Benedikt Sveinsson
 gegn
 ritstjóra Birni Jónssyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, sýslumaður Benedikt Sveinsson, höfðaði mál þetta í hjeraði fyrir gestarjetti Reykjavíkur gegu stefnda, ritstjóra Ísafoldar, Birni Jónssyni, fyrir meiðandi ummæli í 58. tölubl. nefnds blaðs, sem kom út 10. júlí þ. á. og var það dæmt í gestarjettinum 14. ágústmánaðar þ. á. á þá leið, að stefndi var algjörlega sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Þessum gestarjettardómi hefur Benedikt Sveinsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefni 16. ágústmán. þ. á., og krafizt þess, að ýms tilgreind ummæli í blaðinu verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til fangelsis eða sekta fyrir þau, að hann verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi, og að klausa ein í varnarskjali stefnda

fyrir gestarjettinum verði dæmd dauð og ómerk. Hinn stefndi Björn Jónsson hefur af sinni hálfu krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eptir rjettarins mati.

Í áminnztu tölublaði »Ísafoldar« skýrir ritstjórinn, hinn stefndi, frá umræðum um og atkvæðagreiðslu í stjórnarskrármálinu á þingi, og er hann skýrir frá atkvæðagreiðslunni, segir hann meðal annars frá á þessa leið: »Hugðist forsetinn, Benedikt Sveinsson (áfrýjandi) að afla sínum flokk, frumvarpsmönnum, sigurs með því að taka sjer atkvæðisrjett, en láta hina missa þar á ofan eitt atkvæði þar sem var varaforseti Tr. Gunnarsson«. Þessa frásögn telur áfrýjandi ósanna og mjög meiðandi fyrir sig sem þingmann og þingdeildarforseta, þegar hún er lesin í sambandi við það sem á eptir kemur: »Lauk svo, að deildin lýsti það lagabrot gegn þingsköpunum«. Síðar í sama tölublaði »Ísafoldar« er önnur grein fyrirsagnarlaus, þar er ritstjórinn, hinn stefndi, segir álit sitt um þennan atburð, og telur áfrýjandi grein þessa alla meiðandi fyrir sig, en þó einkanlega þessi orð: »Stilling og óhlutdrægni«; »fara í allt annan ham«; »fdheyrd afbrigði«; »raunaleg ávirðing«; taka sjer atkvæðisrjett«; óhlýðnast honum gjörsamlega og heldur ódælt«; viðlíka hátternis af þingforseta«.

Það er sannað í málinu, að þegar stjórnarskrármálið var til umræðu í neðri deild alþingis í það sinn, er hin átalda blaðagrein ræðir um, vjek

áfrýjandi, sem var forseti deildarinnar, úr forseta-
sæti, og varð varaforseti að setjast í það; það er
og viðurkennt, að áfrýjandi hugðist að greiða at-
kvæði við nefndarkosningu í tjeðu máli, sem þá
átti fram að fara, en með því móti hefði varafor-
seta verið fyrrmunað að greiða atkvæði, en for-
seti og varaforseti fylgdu hvor sínum flokki í
stjórnarskrármálinu; þingdeildin, sem skiptist í tvo
flokka í þessu máli, lýsti það með atkvædafjölda
óheimilt eptir þingsköpunum, að forseti greiddi at-
kvæði. Þegar þetta er athugað, sjest það, að skýrsl-
an í hinni tyrnefndu grein Ísafoldar er rjett, en
hún ber áfrýjanda eigi á brýn, að hann hafi kraf-
izt atkvæðisrjettar vitandi, að það var gagnstætt
þingsköpunum. Hitt samrýmist eins vel frásögn
greinarinnar, að áfrýjandi hafi krafizt að greiða at-
kvæði af því að hann hafi álitid sig hafa atkvæðis-
rjett samkvæmt þingsköpunum, eins og hann skildi
þau. Samkvæmt þessu verður eigi álitid, að á-
minnzt grein varði við lög.

Í hinni síðari greininni, sem ersakarefni, er sagt
með tilvitnun til skýrslunnar í grein þeirri fram-
ar í bladinu, sem talað er um hjer á undan, að still-
ing og óhlutrægni sje jafnrík og helg skylda þing-
forseta sem dómara í dómarasæti, að þingforseti
verði að fara í allt annan ham, er hann er settur
í það virðulega og ábyrgðarmikla embætti, að það
sjeu fáheyrd afbrigði frá þessari sjálfsögðu og al-
staðar viðurkenndu reglu, sem forseti neðri deild-
ar hafi sýnt þá fyrir 2 dögum (o: þegar stjórnar-
skrármálið var til atkvæðagreiðslu í neðri deild);

að það sje raunaleg ávirðing fyrst að þrifa til þess óyndisúrræðis að vilja taka sjer atkvæðisrjett, því næst að óska úrskurðar þingdeildarinnar, en óhlýðnast honum gjörsamlega og heldur ódælt, og muni mjög vafasamt, hvort nokkurn tíma hafi nokkurs staðar gjörzt dæmi viðlíka hátternis af þingforseta. — Í grein þessari er þannig með þungum orðum fundið að aðferð áfrýjanda og honum borið á brýn, að hann hafi eigi sýnt þá stillingu og óhlutdrægni, sem hæfi forseta, og sje þetta raunaleg ávirðing, en áfrýjandi virðist hafa gefið nokkurt tilefni til þessara ummæla með því að leggja kapp á að greiða atkvæði í máli, sem var þingdeildinni sjálfri mikið kappsmál og þar er hún skiptist í tvo nálega jafn fjölmenna flokka, og á hinn bóginn eru ummælin eigi þess eðlis, að þau geti orðið virðingu áfrýjanda til hnekkis, þótt í þeim liggi, að hann hafi viljað styrkja með sínu atkvæði þann flokkinn, sem hann fylgir. Þar sem því næst stendur í greininni, að áfrýjandi hafi viljað taka sjer atkvæðisrjett, og að hann hafi óhlýðnast úrskurði þingdeildarinnar heldur ódælt, þá er hin fyrri málsgreinin ekki meidandi eptir sambandi því, sem hún stendur í, en hin síðari málsgreinin lýtur að því, að áfrýjandi fór út úr þingsalnum og skellti hurðinni á eptir sjer, eptir að þingdeildin hafði úrskurðað, að hann hefði ekki atkvæðisrjett, og varaforseti skorað á hann að setjast aptur í forsetasætið, eins og álta verður að þingdeildin hafi ætlazt til; þetta hefur stefndi kallað gjörsamlega óhlýðni og heldur ódæla, og

muni vafasamt, hvort dæmi finnist viðlíka hátternis af þingforseta. Að stefndi telur þessa aðferð áfrýjanda óhlýðni við þingdeildina, hefur hann þannig rjettlætt, og hin önnur ummæli hans í greininni, er lúta að þessu, eru eigi svo löguð, að þau geti orðið til hnekkis borgaralegri virðingu áfrýjanda, eins og eigi heldur er tilefni til að álíta, að þau sjeu skrifuð í þeim tilgangi.

Samkvæmt þessu verður að dæma hinn stefnda sýknan í málinu, og það þykir eigi ástæða til þess að dæma ómerk orðin: »Hann fjekk ekki rólegur að deyja í syndinni« í varnarskjali stefnda í hjerði, eins og áfrýjandi hefur krafizt. Með því að yfirdómurinn fellst á ákvæði gestarjettardómsins um málskostnað, ber að staðfesta tjeðan dóm í heild sinni. Það þykir og rjett, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.